

Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Póllands
Aleksander Kwasniewski
og frú Jolanta Kwasniewska
11. maí 2000

Virðulegi forseti Póllands og frú Kwasniewska
Heiðruðu gestir.

Við fögnum hér í kvöld merjum viðburði í þúsund ára sögu Pólverja og Íslendinga. Í fyrsta sinn kemur forseti Póllands í opinbera heimsókn til Íslands og staðfestir á þann hátt nýtt bræðralag þjóða okkar við sköpun hinnar nýju Evrópu.

Við Íslendingar höfum með virðingu og aðdáun fylgst með þeim árangri sem framganga Pólverja hefur skilað á lokaspretti 20. aldar – aldar sem var í senn tími mestu hörmunga og mestu framfara sem mannkyn hefur kynnst. Heimsstyrjöldin og helförin voru Pólverjum þyngri byrði en flestum öðrum, en þrautsegja, kjarkur og samstaða þjóðarinnar nærðu þann jarðveg sem í fyllingu tímans varð sáðakur lýðræðisbyltingarinnar sem færði Evrópu og heiminum öllum nýja tíð.

Þegar leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, Ronald Regan og Mikael Gorbasjev, komu saman til hins sögufræga fundar í Höfða, litla húsinu sem þér heimsóttuð fyrr í dag, voru Pólverjar merkisberar hugsjónarinnar um lýðræði og mannréttindi, frelsi fólksins til að velja forystu og stefnu á opinn hátt án þvingunar eða ótta.

Leiðtogafundurinn í Reykjavík var upphafið að nýrri heimsmynd og sigursæl barátta Pólverja veitti þeirri umsköpun efnisríkt innihald.

Heimsókn yðar virðulegi forseti veitir okkur hér á Bessastöðum, sögusetri Íslendinga sem geymir í senn minningar um erlenda áþján okkar litlu þjóðar og sigursæla barátta fyrir sjálfstæði og fullveldi, kærkomið tækifæri til að hylla yður og pólsku þjóðina og þakka þann heiður sem Íslandi var sýndur þegar forseta Íslands og utanríkisráðherra var boðið að vera með yður og öðrum leiðtogum þjóðar yðar á hátíðarstundu á torginu í Varsjá þegar Pólland varð aðildarríki Atlantshafsbandalagsins.

Dagarnir í Póllandi á liðnu ári urðu okkur ógleymanlegir. Einstæður árangur við varðveislu menningar fyrri alda og ríkuleg áhersla á framfarir á nýrri öld sýndu okkur þjóð sem í senn virðir arf fyrri kynslóða og leitar um leið að samvinnu vítt um veröldina til að skapa nýjum kynslóðum skilyrði til farsældar og framfara.

Íslendingar og Pólverjar hafa um langt skeið sýnt hverju samvinna þjóða getur skilað.

Fjölmargir íslenskir fiskibæir sem eiga afkomu sína nánast alfarið undir sjósókn og aflabrögðum hafa falið Pólverjum að smíða skip sín og endurbæta. Kunnátta og tækni þjóðar yðar hefur verið mikilvægt framlag til þeirrar velsældar sem auðæfi hafsins hafa skilað okkur Íslendingum.

Pólskir tónlistarmenn hafa verið öflugur liðsauki við endurnýjun íslenskrar menningar, átt ríkan hlut í að gera símfóníuhljómsveit okkar að áhrifamiklu hljóðfæri sem nýtur nú vaxandi virðingar í tónlistarsölum heimsins, en einnig við að mennta íslenska æsku víða um land, stjórna tónlistarskólum og kórum karla og kvenna sem aukið hafa fjölbreytni í mannlífi íslenskra sveita og sjávarbyggða.

Samlandar yðar virðulegi forseti njóta mikillar virðingar í íslensku þjóðfélagi og framlag þeirra til íslensks atvinnulífs og menningar nú við aldaskil er í senn áhrifaríkt og víðtækt. Á hátíðarstundu í fyrstu heimsókn forseta Póllands til Íslands viljum við sérstaklega þakka Pólverjum sem hér hafa dvalið um langa stund eða skamma fyrir framlag þeirra til nýsköpunar og framfara í íslensku samfélagi.

Með heimsókn yðar nú fagna Íslendingar og Pólverjar nýjum áföngum í samvinnu okkar og vináttu.

Við ætlum saman að skapa Evrópu nýja skipan í öryggismálum sem tryggir varanlega virðingu fyrir lýðræði, mannréttindum og jöfnum rétti allra þjóða.

Við munum efla samvinnu okkar í þágu atvinnulífs og efnahagslegra framfara. Með aðild Póllands að Evrópusambandinu munu tengsl okkar á sviði viðskipta, fjármála og félagslegra réttinda eflast til muna innan vébanda Evrópska efnahagssvæðisins.

Við erum staðráðin í að styrkja þær stofnanir sem helgaðar eru lýðræði og mannréttindum í Evrópu um leið og við ræktum áfram samvinnu við bandalagsþjóðir okkar vestanhafs.

Atlantshafsbandalagið er formbinding á samstarfi lýðræðisríkja þar sem allir hafa sama rétt. Þótt við Íslendingar skiljum löngum áhrifaríkja innan Evrópusambandsins til að efla öryggissamvinnu á sínum vettvangi þá teljum við að slík evrópsk vídd megi ekki brjóta gegn anda og grundvallarreglum sem mótað hafa samvinnu þjóðanna beggja vegna Atlantshafsins. Vegna legu sinnar sér Ísland kannski betur en aðrir nauðsyn þess að varðveita þær brýr sem best hafa dugað milli Bandaríkjanna og Kanada annars vegar og þjóðanna á meginlandi Evrópu hins vegar. Kappsemi áhrifaríkja innan Evrópusambandsins má ekki verða til þess að stofna í hættu lögmálum um jafnrétti og samvinnu sem í hálföld hafa tryggt árangur Atlantshafsbandalagsins.

Við metum mikils virðulegi forseti að geta kynnt yður sjónarmið okkar, sögu og menningu og vonum að heimsókn yðar auki skilning á þeim árangri sem fámenn þjóð fiskimanna og bænda hefur náð á öld mikilla umbrota.

Megi samvinna okkar og vinátta á nýrri tíð verða álfunni allri til heilla.

Ég bið góða gesti að rísa á fætur og hylla forseta Póllands Aleksander Kwasniewski og frú Jólanta Kwasniewska og fagna um leið sögulegum áfanga í sambúð þjóða okkar.